

## **Fagráð í nautgriparækt**

Fundur 06.október Kl: 13:00 á bókasafni BÍ

### **Aðalfulltrúar með atkvæðisrétt**

Mættir:

Guðný Helga Björnsdóttir, LK - Formaður fagráðs

Þórarinn Leifsson, LK (í gegnum síma)

Magnús B. Jónsdóttir, BÍ

Sigurður Loftsson, LK

Fjarverand:

Svana Halldórsdóttir, BÍ

### **Aðrir fagráðsfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt**

Mættir:

Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir, BÍ – ritari fagráðs

Baldur Helgi Benjamínsson, LK

Þorsteinn Ólafsson, MAST

Einar Matthíasson, SAM

Bragi Líndal Ólafsson, LBHÍ

Björn S. Gunnarsson, SAM

Fjarverandi:

Gunnar Guðmundsson, BÍ

Grétar Hrafn Harðarson, LbhÍ

Fundur settur kl 13:00.

## **1. Áframhaldandi umfjöllun um umsókn frá Bændasamtökum Íslands vegna skýrsluhaldskerfisins HUPPU.**

Mættur er Jón Baldur Lorange sem gerir grein fyrir kostnaði tölvudeildar við verkefnið en vinna við skýrsluhaldskerfið hófst í desember 2007. Frá þeim tíma hefur 26,1 milljón verið varið til smíði kerfisins (kostnaður út árið 2009 er inni í þessum tölum). Árið 2008 var 18 milljónum varið til verksins en kostnaðurinn árið 2009 verður 8,1 milljón. Þar af fengust 5,5 milljónir í gegnum styrki árið 2008 og það sem af er ári 2009 hafa 5 milljónir fengist í verkið úr styrkjum.

Jón Baldur greinir frá að árið 2010 megi gera ráð fyrir þróunar og viðhaldskostnaði að upphæð 4-6 milljónir sem fari niður í 4 milljónir árið 2011 (áætlað)

Í framhaldi gerir Gunnfríður grein fyrir hvernig vinna við kerfið hefur þróast, stöðu mismunandi verkhluta (sjá fylgigögn lögð fyrir á fundi). Að beiðni fundarmanna er skýrsluhaldskerfið HUPPA skoðað.

Upphafleg umsókn hljóðaði upp á 7,1 milljón króna og áður hefur 5 milljónum verið veitt til verksins. Sigurður Loftsson gerir grein fyrir því að fjármunir séu eftir til ráðstöfunar og mælir með því að 2,1 milljón sé veitt í frekari styrk til verksins. Sömu fyrirvararar og áður séu þó um að þetta fé sé þróunarfé en ekki til þess ætlað að greiða niður notendagjöld kerfisins. Þorsteinn Ólafsson tekur undir tillöguna og ítrekar mikilvægi þess að vinna við kerfið gangi hratt og vel fyrir sig. Upp kemur spurning um hvort þetta muni vera lokagreiðsla til verkefnisins. Magnús Jónsson telur að þegar grunnvinnu við kerfið ljúki, árið 2009, muni sjálfstæði viðbótarverkefni er tengjast kerfinu eðlilega keppa við önnur verkefni um fé

Tillaga Sigurðar Loftssonar um að veita 2,1 milljón til verkefnisins er samþykkt.

## 2. Staða rannsókna og kennslu á sviði nautgriparæktar og búvísinda almennt

Bragi Líndal fulltrúi frá Landbúnaðarháskóla Íslands greinir frá því að miklar breytingar eru að verða á starfsumhverfi til rannsókna hjá LbhÍ en áhrif þeirra breytinga séu, á þessum tímapunkti, ekki ljósar. Ekki hafi verið dregið saman í kennslu hjá Landbúnaðarháskólanum enda hafi mikil aðsókn verið í nám í haust.

Framtíð búfræðináms er rædd sérstaklega þar sem heyrst hefur að kennsla á búfræðistigi verið hugsanlega færð til fjölbrautaskóla og Landbúnaðarháskólann muni einungis annast kennslu sérgreina sem verktaki. Slíkt fyrirkomulag geti hugsanlega reynst hættulegt fyrir framtíð búfræðináms

Viðræður um hugsanlega sameiningu við Háskóla Íslands séu í biðstöðu og lítið vitað um framhaldið. Verði af sameiningu munu fjármunir til landbúnaðarrannsókna hugsanlega renna til HÍ. Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi búrestrar við Landbúnaðarháskólann geti einnig orðið til þess að Landbúnaðarráðuneyti sjái ekki ástæðu til að leggja 160 milljónir til rannsókna enda hafi LbhÍ ekki lengur til ráðstöfunar land og búfé og þar með séu forsendur sammings á milli Landbúnaðarráðuneytis og Landbúnaðarháskóla Íslands, er skilgreinir rannsóknaskyldu, brostnar.

Bragi Líndal bendir einnig á þá staðreynd að ójafnvægi sé milli fagsviða hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Meðan skorið sé niður á fagsviði búvísinda sé byggt upp á sviði náttúruvísinda.

Menn eru sammála um að niðurskurð af þessu tagi sé óheppilegt að gera í flýti og að óígrunduðu máli og fyrirhugaðar rannsóknir séu í mikilli óvissu. Sem dæmi má nefna rannsóknir á uppeldi kálfa og kvígna sem hafa verið ræddar og teljast mjög brýnar. Fagråd í nautgriparækt mun í framhaldi leita til eftir samvinnu við fagråd í sauðfjarrækt um að óska eftir viðræðum við Landbúnaðarháskólann framtíð rannsókna á sviði búvísinda og nám í búvísindum og búfræði

## 3. Önnur mál

a. Framtíðarskipan ræktunarhóps. Magnús B. Jónsson ræðir stuttlega um núverandi skipulag og verkaskiptingu milli fagráðs og ræktunarhóps. Þetta séu í raun leifar af gömlu kerfi og eigi ekki formlegan grundvöll. Störf ræktunarhóps séu í raun á verksviði fagráðs. Magnús leggur fram tvær óformlegar tillögur að framtíðarskipulagi. Annað hvort muni fagråd taka þetta verkefni að sér eins og upphaflega hafi verið gert ráð fyrir, eða að unnið verði áfram með ræktunarhóp sem verði þá skipaður samkvæmt upphaflegri skilgreiningu, tveim ráðunautum, tveim bændum og landsráðunaut.

Bent er á að flytist verkefni ræktunarhóps aftur til fagráðs gæti það reynst lyftistöng fyrir starfsemi fagráðs og aukið vægi þess

b. Útivist nautgripa. Í framhaldi af umræðum síðasta fagráðsfundar bendir Þorsteinn Ólafsson nauðsyn þess að taka, í vetur, saman efni til fræðslu vegna útivistar nautgripa.

c. Kennslubók í nautgriparækt. Baldur Helgi kemur með fyrirspurn um stöðu þess verkefnis. Magnús B. Jónsson svara því til að verkefnið sé í raun ekki lengur undir sinni stjórn þar sem starfsfyrirkomulag hans við Landbúnaðarháskólann sé nú breytt. Áður en það kom til hafi hins vegar veriðúið að setja upp kaflaskipti bókarinnar og fá höfunda að öllum köflum. Mikilvægt sé að halda málinu vakandi.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið 15:17